

LÖG

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „ellefu hundraðshluta álags“ í 1. málsl. kemur: sjö hundraðshluta álags.
- b. 2. málsl. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „1. janúar og 1. júlí ár hvert“ í 3. málsl. kemur: fyrsta dag hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björgvin G. Sigurðsson.